

Reglur um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa

Inngangur

Nokkurs misskilnings hefur gætt um þær áherslur og túlkanir sem gilda við próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa haustið 2009 samkvæmt nýrri reglugerð nr. 589/2009. Prófnefndin hefur átt viðræður við endurskoðendaráð og forsvarsmenn helstu endurskoðunarfyrirtækja, auk þess að kynna sér framkvæmd endurskoðendaprófa í nágrannalöndum. Í framhaldi af þeim viðræðum hefur verið ákveðið að eftirfarandi reglur gildi við próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa á árinu 2009. Eldri túlkanir sem birst hafa eru hér með úr gildi felldar.

Um heimild til þátttöku í prófum

Að því er varðar eldri reglugerð nr. 475/1998 með síðari breytingum, skulu þeir sem eiga ólokið einu, tveim eða þrem prófum samkvæmt eldri reglugerð og kjósa ekki að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 589/2009, eiga þess kost að þreyta próf samkvæmt eldri reglugerð á árunum 2009-2011. Prófdagar eru þeir sömu og birtust í auglýsingu um löggildingarprófin 2009. Aðrir skulu þreyta próf samkvæmt nýrri reglugerð. Allir þeir sem hófu starfsnám skv. 5. tl. 2. gr. laga nr. 18/1997 (sbr. 6. tl. 2. gr. núgildandi laga nr. 79/2008) um endurskoðendur og tilkynntu það til Félags löggiltra endurskoðenda fyrir gildistöku nýju laganna hinn 1. janúar 2009 og uppfylla menntunarkröfur samkvæmt eldri lögum um endurskoðendur nr. 18/1997, skulu eiga rétt á að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 589/2009, þrátt fyrir það að þeir uppfylli ekki tilskildar menntunarkröfur skv. 4. tl. 2. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Um próf samkvæmt nýrri reglugerð nr. 589/2009

Próf samkvæmt nýrri reglugerð nr. 589/2009 er eitt próf, sem skiptist í tvo hluta og fer fyrri hluti fram 20. október 2009 og seinni hlutinn 22. október 2009. Prófið hefur að markmiði að sannreyna hæfni prófmanna til að endurskoða og gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum. Um efnissvið prófsins vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 589/2009, en einnig hefur prófnefndin vísað á heimasíður í nágrannalöndum okkar, þar sem er að finna upplýsingar um löggildingarpróf. Jafnframt mun prófnefndin boða prófmenn til upplýsingafundar eftir að frestur til skráningar í prófin er út runninn.

Það skal áréttað vegna þess sem áður hefur komið fram, að um er að ræða eitt próf sem skiptist í tvo hluta. Ekki er heimilt að taka einungis próf í öðrum hluta á hverju ári, heldur verður að taka báða prófhlutana á sama ári. Gjald fyrir þátttöku í prófinu, þ.e. báðum hlutum, verður kr. 180.000. Gjald fyrir hvert próf samkvæmt eldri reglugerð verður kr. 60.000..

Þeim sem þegar hafa sótt um að þreyta próf skal heimilt að endurnýja umsókn, en frestur til að skila inn umsókn er óbreyttur til 25. ágúst 2009. Umsóknir skal senda eins og fram kemur í auglýsingu til formanns prófnefndar Árna Tómassonar, Hraunbraut 20, 200 Kópavogi.

Reykjavík 18. ágúst 2009.

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Endurskoðendaráð